

Sp.

291. Nefndarálit

um till. til pál. um afnám sérréttinda í áfengiskaupum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt þessa tillögu á nokkrum fundum, og mætti hæstvirtur fjármálaráðherra á einum þeirra. Samkomulag náðist ekki um afgreiðslu hennar. Meiri hluti nefndarinnar gat ekki fallizt á að mæla með henni, eins og hún liggur fyrir, en undirritaður minni hluti leggur til, að hún verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. jan. 1948.

Sigfús Sigurhjartarson.